

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 18. mars 2009, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Sveinn Magnússon, Íris Róbertsdóttir, Þorsteinn Finnbogason, Gunnar Friðfinnsson, Hjalti Pálsson, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

- 1. Skólastarfið:** Skólastarfið frá síðasta fundi hefur gengið vel, en svolítill veikindi hafa stungið sér niður. Leyfi nemenda vegna loðnufrystingar urðu óvenju fá. Nemendur úr 10. bekkjum komu og fengu fræðslu um skólann og skoðunarferð. Nemendur úr sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri héldu kynningarfund í sal skólans. Skólameistari fór á fund í menntamálaráðuneytinu 2. mars, þar sem farið var yfir stöðu skólans og framtíðarhorfur. Lögð var fram nemendasþá, sem gerir ráð fyrir 265 ársnemunum á þessu ári (voru 237 á síðasta ári) og um leið var lögð á það mikil áhersla að fjárlög 2010 byggðu á raunhæfum forsendum. Á fundinum var óskað eftir liðsinni ráðuneytisins til að fá lækun á húsaleigu, en þar voru undirtektir dræmar. Lögð var fram umsókn um styrk til að vinna þá endurskoðun sem nauðsynleg er vegna nýrra framhaldsskólalaga.

Opnir dagar hefjast í dag 18. mars og lýkur þeim með árshátíð á föstudag.

Það helsta framundan: Stjórnendur og kennarar vinna nú að efni í bæklinginn “Nám að loknum grunnskóla” sem framvegis verður gefinn út rafrænt. Viðbragsáætlun vegna eineltis er einnig í vinnslu, sem og starfshópur um raunfærnimat, í samráði við Visku. Val fyrir næstu önn verður 24. mars og er nú unnið að því að ákveða hvaða áfangar verða í boði. Páskaleyfi hefst 4. apríl. Talsverðar umræður urðu um húsaleigu, nemendafjölda og forsendur fjárlaga. Einnig kom fram að hugsanlega yrði frestun á fullri gildistöku nýju laganna um framhaldsskóla.

- 2. Námsframboð næsta skólaárs:** Skólameistari gerði grein fyrir erfiðri fjárhagsstöðu og nauðsyn þess að skera niður kennslu næsta vetur. Eina leiðin til að minnka rekstrar-kostnað eitthvað að ráði er að draga úr launakostnaði og það verður ekki gert nema minnka kennslumagn. Draga verður úr dýrustu kennslunni, þar sem eru fáir nemendur í mörgum séráföngum. Skipstjórnar-, sjúkraliða- og vélstjórnarnám koma þá fyrst til álita. Það er mat skólans að litlar líkur séu á því að hægt verði að fara af stað með nýjan hóp skipstjórnarnema í haust vegna lítillar eftirspurnar og erfiðrar fjárhagsstöðu. Reynt verði að taka þá skipstjórnarnema sem sækja um inn í skólann og kenna þeim kjarnagreinarnar, en sérgreinar yrðu í fjarnámi frá Tækniskólanum, með aðstoð og utanumhaldi á vegum FÍV. Einnig verður að fresta sérgreinum sjúkraliða, enda eru þeir fáir. Vegna þessa óskar Steinunn Jónatansdóttir brautarstjóri sjúkraliðabrautar eftir launalausum leyfi næsta skólár. Var það samþykkt.

- 3. Önnur mál:**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 13:15

Ólafur H. Sigurjónsson

